

Fundarnúmer:	551
Dagsetning:	28.07.2008
Tími:	10:00
Staður:	Fundarsalur Ráðhúss

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

551. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 28. júlí 2008 kl. 10:00 í fundarsal að Hvammstangabraut 5, Hvammstanga.

Dagskrá:

1. Íþrótt- og tómstundafulltrúi mætir á fundinn.
2. Erindi frá Sýslumanninum á Blönduósi dags. 18.07.2008
3. Erindi frá Sýslumanninum á Blönduósi dags. 18.07.2008
4. Úrskurðarnefnd um hollustuhætti og mengunarvarnir. Úrskurður í máli nr.6/2008
5. Umsóknir um styrk í Húnasjóð.

Afgreiðslur:

1. Íþrótt- og tómstundafulltrúi mætir á fundinn. Farið yfir stöðu varðandi hönnun á nýjum potti við sundlaugina.
2. Lagt fram erindi frá Sýslumanninum á Blönduósi dags. 18.07.2008, þar sem óskað er umsagnar vegna leyfis skv. lögum nr. 85/2007 um veitinga- og gististaði. Umsækjandinn Erling Ellingsen f.h. Hótel Borgarvirkis ehf. sækir um leyfi til að reka gistiheimili ásamt veitingum og áfengisveitingum í húsnæði fyrrum Þorfinnsstaðaskóla, Húnaþingi vestra. Byggðarráð gerir ekki athugasemd við útgáfu leyfisins.
3. Lagt fram erindi frá Sýslumanninum á Blönduósi dags. 18.07.2008, þar sem óskað er umsagnar vegna leyfis skv. lögum nr. 85/2007 um veitinga- og gististaði. Umsækjandinn Sigurjón Guðbjörnsson f.h. Vídalín ehf. sækir um leyfi til að reka gistiheimili ásamt veitingum þó ekki áfengisveitingum í Víðigerði, Húnaþingi vestra. Byggðarráð gerir ekki athugasemd við útgáfu leyfisins.
4. Lagður fram úrskurður Úrskurðarnefndar um hollustuhætti og mengunarvarnir í máli nr. 6/2008, BBH útgerð ehf. gegn Húnaþingi vestra, dags 15. júlí 2008. Kæran varðar álagningu og innheimtu sorpgjalda á útgerðir. Úrskurðarorð: Gjaldtaka kærða er varðar sorpmál útgerða var byggð á lögmætum grundvelli.
5. Lagðar fram umsóknir um styrk úr Húnasjóði. Afgreiðslu frestað til næsta fundar Byggðarráðs.

Fundargerð upplestin og samþykkt. Fundi slitið kl. 11:10

Elín R. Líndal(sign.), Guðrún Ragnarsdóttir(sign.),
Guðný Helga Björnisdóttir(sign.), Heimir Ágústsson(sign.).

Áheyrnarfulltrúi:

Oddur Sigurðarson(sign.).